

Launamunur kynjanna

Heildarlaun

Könnunin leiddi í ljós að á meðal fólks í fullu starfi eru karlar að jafnaði með tæplega 30% hærri heildarlaun en konur. Meðalheildargreiðslur karla voru rúmar 302 þúsund krónur, en meðalheildargreiðslur kvenna rúmar 237 þúsund krónur.

Að teknu tilliti til menntunar, vaktavinnu, fjölda vinnutíma að jafnaði, yfirvinnutíma, starfsaldurs og starfsstéttar minnkaði kynbundinn munur á heildarlaunum í 14,2% (vikmörk +/- 5,5%). Því er með 95% vissu hægt að segja að á meðal fólks með svipaðan starfsaldur, með sömu menntun, með sama starfsaldur, í sömu starfsgrein og með sambærilegan vinnutíma og vinnufyrirkomulag séu karlar með á bilinu 8,3% til 19,8% hærri heildarlaun en konur. Aldur hafði ekki marktæk áhrif á laun þegar búið var að taka út áhrif starfsaldurs og starfsstéttar og var því ekki hafður með í greiningunni.

Grunnlaun

Að jafnaði voru grunnlaun karla nærri því 22% hærri en meðalgrunnlaun kvenna. Meðalgrunnlaun karla í fullu starfi voru rúmlega 255 þúsund krónur en grunnlaun kvenna að meðaltali rétt um 210 þúsund krónur.

Þegar búið var að taka út áhrif menntunar, vaktavinnu, starfsaldurs og starfsstéttar minnkaði kynbundinn munur á grunnlaunum í 14,1% (vikmörk +/- 5,2%). Með öðrum orðum, getum við sagt með 95% vissu að raunverulegur munur á grunnlaunum kynjanna sé á bilinu 8,5% til 19,3%. Aldur hafði ekki marktæk áhrif á launa þegar búið var að taka út áhrif starfsaldurs og starfsstéttar og var því ekki hafður með í greiningunni.

Þegar aðhvarfsgreining er notuð til að varpa ljósi á launamun þarf að taka lógaritma af launum. Það eru nokkrar ástæður fyrir þessu og eru tvær mikilvægastar. Í fyrsta lagi hefur dreifing launa jákvæða skekkju og er þess vegna ekki normaldreifð eins og gert er ráð fyrir í forsendum aðhvarfsgreiningar. Í öðru lagi þá er ekki ólíklegt að munur á launum karla og kvenna sé hlutfallslegur, frekar en að um sé að ræða ákveðna krónutölu. Það er auðvelt að breyta aðhvarfsstuðli (hallatölu) sem byggir á lógaritma í prósentur. Til að breyta lógaritma aðhvarfsstuðuls í prósentur þá er andlógaritminn af stuðlinum tekinn (e^{-b}), þar sem b er stuðullinn og síðan er 1 dreginn frá.

Heildarlaun fyrir febrúar 2005

	b	ß	Marktekt
Fasti	11,855		0,00
Kyn *	-0,154	-0,210	0,00
Grunnskólapróf og viðbót **	0,045	0,057	0,32
Framhalds-/lönskólamenntun **	0,096	0,145	0,02
Háskólamenntun **	0,122	0,100	0,07
Fjöldi vinnustunda að jafnaði	0,006	0,123	0,01
Fjöldi yfirvinnustunda í febrúar	0,004	0,236	0,00
Vaktavinna	0,181	0,242	0,00
Starfsaldur	0,022	0,079	0,09
Bókbindari ***	0,023	0,021	0,69
Prentsmiður ***	0,124	0,155	0,01
Prentari ***	0,136	0,167	0,01
Grafísk hönnun ***	0,391	0,278	0,00
Stjórnandi ***	0,301	0,367	0,00
Fjöldi svarenda	336		
Skýrð dreifing (Adjusted R ²)	0,42		

* Kyn er sett inn í greininguna á þann veg að karlar eru með gildið 0 og konur með gildið 1. Hallinn -0,154 þýðir þess vegna að konum er að meðaltali greidd 14% ($e^{-0.154}-1=-0,14$) lægri heildarlaun en körlum þegar allir þættirnir í tölflunni hafa verið teknir með í reikninginn.

Grunnlaun fyrir febrúar 2005

	b	ß	Marktekt
Fasti	12,064		0,00
Kyn *	-0,152	-0,236	0,00
Grunnskólapróf og viðbót **	0,059	0,084	0,17
Framhalds-/lönskólamenntun **	0,107	0,181	0,01
Háskólamenntun **	0,110	0,105	0,08
Vaktavinna	0,138	0,212	0,00
Starfsaldur	0,021	0,087	0,09
Bókbindari ***	0,030	0,031	0,58
Prentsmiður ***	0,118	0,170	0,01
Prentari ***	0,104	0,145	0,03
Grafísk hönnun ***	0,399	0,326	0,00
Stjórnandi ***	0,292	0,392	0,00
Fjöldi svarenda	342		
Skýrð dreifing (Adjusted R ²)	0,31		

* Kyn er sett inn í greininguna á þann veg að karlar eru með gildið 0 og konur með gildið 1. Hallinn -0,152 þýðir þess vegna að konum er að meðaltali greidd 14% ($e^{-0.152}-1=-0,14$) lægri heildarlaun en körlum þegar allir þættirnir í tölflunni hafa verið teknir með í reikninginn.

** Upplýsingar um menntun eru settar inn í greininguna á þann veg að menntun er skipt upp í þrjár breytur þar sem minnsta menntunin, grunnskólapróf, er notuð sem viðmiðun. Grunnskólapróf er því alltaf með gildið 0. Önnur menntun fær því gildið 1 í viðeigandi breytu, t.d. í breytunni háskólapróf eru einungis þeir sem eru með háskólapróf með gildið 1 og þeir eru því með um 12% ($e^{0.110}-1=0,12$) hærri grunnlaun en þeir sem eru með grunnskólapróf.

*** Upplýsingar um starfsstétt eru settar inn í greininguna á þann veg að starfsstétt er skipt upp í fimm breytur þar sem stéttin með lægstu launin, aðstoðarfólk, er notuð sem viðmiðun. Aðstoðarfólk er því alltaf með gildið 0. Aðrar starfsstéttir fá því gildið 1 í viðeigandi breytu, t.d. í breytunni prentarar eru einungis prentarar með gildið 1 og þeir eru því með 11% ($e^{0.104}-1=0,11$) hærri grunnlaun en aðstoðarfólk.